

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur

2010

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
Sigtúni 42
105 Reykjavík
Kt. 430269-6589

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur

2010

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-14
Kennitölur	15

Skýrsla stjórnar

Fjöldi sjóðfélaga og fjárhæð móttækinnna iðgjalda

Á árinu 2010 voru að meðaltali 792 sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til A-deildar á mánuði, samanborið við 845 árið áður (meðaltal virkra). Alls áunnu 779 sjóðfélagar sér réttindi vegna greiddra iðgjalda á árinu 2010, samanborið við 828 árið áður. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru 14.519 talsins, þ.e. 1.643 í A-deild (almenn deild) og 12.876 í B-deild (stiga deild), samanborið við 14.705 árið áður, þ.e. 1.691 í A-deild og 13.015 í B-deild.

Iðgjöld sjóðfélaga ásamt mótfamlagi launagreiðenda námu 1.624 m.kr. árið 2010, samanborið við 1.612 m.kr. árið áður eða 1% hækkun. Réttindaflutningur og endurgreiðslur nettó 5 m.kr. útgreiðslur, samanborið við 6 m.kr. árið áður

Endurgreiðsluhlutfall greidds lífeyris var að tillögu tryggingastærðfræðings 67% árið 2010 og er það óbreytt frá árinu 2009. Í ársbyrjun 2011 var hlutfallið hækkað í 69%. Þær stofnanir og fyrirtæki sem gert hafa upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar eru ekki krafín um hlutdeild í greiðslu lífeyris.

Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrir nam 2.377 m.kr. á árinu 2010, samanborið við 2.288 m.kr. árið áður eða 4% hækkun. Skýrist það einkum af fjölgun lífeyrisþega. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 2.719 á mánuði, þ.e. 1.867 sem fengu ellilífeyri, 380 örorkulífeyri, 448 makalífeyri og 24 barnalífeyri. Samsvarandi tölur fyrir fyrra ár eru 2.613 á mánuði, þ.e. 1.767 ellilífeyri, 369 örorkulífeyri, 453 makalífeyri og 24 barnalífeyri.

Fjárfestingar

Í árslok 2010 námu fjárfestingar sjóðsins 54.376 m.kr., samanborið við 52.494 m.kr. í ársbyrjun. Á árinu ráðstafaði sjóðurinn 6.373 m.kr. til fjárfestinga, þ.e. 3.565 m.kr. til kaupa á verðbréfum með föstum tekjum eða 56% og 2.808 m.kr. til kaupa á verðbréfum með breytilegum tekjum eða 44%. Fjárfestingar í árslok eru nánast að öllu leiti í íslenskum krónum eða rúm 99%. Seld verðbréf og fengnar afborganir námu 6.798 m.kr. á árinu, samanborið við 5.604 m.kr. árið áður.

Varúðar niðurfærsla óskráðra verðbréfa nam 947 m.kr. í árslok 2010, samanborið við 673 m.kr. í ársbyrjun eða hækkun um 274 m.kr. Hækkunin dreyfist nokkuð jafnt á skuldabréf lánastofnana og fyrirtækja.

Framtíðarþróun

Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Í samræmi við samþykktir sjóðsins er gerður reikningur á viðkomandi launagreiðanda fyrir hluta útgredds mánaðarlegs lífeyris og er fjárhæð hans byggð á tryggingafræðilegum forsendum. Það hlutfall er nú 69%. Lífeyrissjóðurinn stendur þannig undir 31% af greiddum lífeyri. Megin áhersla er og verður lögð á trygga ávöxtun með fjárfestingum í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.

Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 54.376 m.kr. í árslok, samaborið við 52.494 m.kr. í ársbyrjun eða 4% hækkun.

Skuldabréf með ríkisábyrgð eru 79% af fjárfestingum sjóðsins í árslok og skuldabréf fyrirtækja og lánastofnana samtals 13%. Öll eru verðtryggð. Ávöxtun sjóðsins tekur þannig að mestu mið af verðbólgu ársins og föstum vöxtum bréfanna. Fjárfestingatekjur voru jákvæðar um 2.731 m.kr., samanborið við 5.961 m.kr. árið áður.

Nafnávöxtun sjóðsins reiknuð samkvæmt formúlu Fjármálaeftirlitsins var 5,1% og hrein raunávöxtun 2,4%, samanborið við 12,5% og 3,6% árið áður. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er 4,1% sem er viðunandi þar sem sjóðnum hefur verið lokað og lífeyrisgreiðslur orðnar meiri en iðgjöld. Lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar með 3,5% stuðli. Í kennitölum meðfylgjandi ársreikningi er að finna upplýsingar um ávöxtun einstakra ára.

Skýrsla stjórnar

Rekstur

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarkostnaður nam 51 m. kr. sem er 0,1% af hreinni eign eins og árið áður. Fjárfestingargjöld námu 40 m.kr. samanborið við 32 m.kr. árið áður. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

Atburðir eftir lok reikningskiladags

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn.

Tryggingafræðileg athugun

Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings, á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í árslok 2010 nam áfallin skuldbinding A-deildar 62.870 m.kr. og áfallin skuldbinding B-deildar 3.055 m.kr. eða samtals 65.925 m.kr. Áfallin skuldbinding hækkar um 1% frá fyrr ári. Í töflu sem er hluti skýringa ársreiknings er að finna frekari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, m.a. um þá hreinu eign sem sjóðurinn á til að mæta þessari skuldbindingu. Þess ber að geta að borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

Staðfesting stjórnar

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á afkomu sjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. apríl 2011.

Í stjórn

Björk Vilhelmsdóttir
stjórnarformaður

Þorgrímur Hallgrímsson

Jón Fjörnir Thoroddsen

Júlíus Vífill Ingvarsson

Ása Clausen

Framkvæmdastjóri

Jón G. Kristjánsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010 í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 26. apríl 2011.

Deloitte hf.



Knútur Þórhallsson
endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Iðgjöld	9		
Iðgjöld sjóðfélaga		112.496.261	118.479.967
Iðgjöld launagreiðenda	19	244.781.694	255.816.072
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(4.946.272)	(6.420.141)
Sérstök aukaframlög	20	1.266.725.289	1.237.461.998
		<u>1.619.056.972</u>	<u>1.605.337.896</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	21	(2.377.097.853)	(2.288.329.741)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		(63.800)	(160.016)
		<u>(2.377.161.653)</u>	<u>(2.288.489.757)</u>
Fjárfestingartekjur	10		
Tekjur af eignarhlutum	22	(88.517.924)	(3.136.279)
Vaxtatekjur og gengismunur	23	3.299.343.847	6.545.306.693
Breytingar á niðurfærslu	27	(479.803.557)	(581.031.302)
		<u>2.731.022.366</u>	<u>5.961.139.112</u>
Fjárfestingargjöld	11		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(39.630.262)	(31.799.674)
Rekstrarkostnaður	11		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(51.005.325)	(53.048.761)
Hækkun á hreinni eign á árinu		1.882.282.098	5.193.138.816
Hrein eign frá fyrra ári		52.493.758.550	47.300.619.734
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>54.376.040.648</u>	<u>52.493.758.550</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
Fjárfestingar	12 - 15		
Verðbréf með breytilegum tekjum	24	1.444.030.289	1.624.871.929
Verðbréf með föstum tekjum	26	51.500.576.477	49.361.329.857
Veðlán	28	1.207.173.497	1.267.654.643
		<u>54.151.780.263</u>	<u>52.253.856.429</u>
Kröfur	17		
Kröfur á launagreiðendur	30	38.542.093	35.947.289
Aðrar kröfur		44.607.376	0
		<u>83.149.470</u>	<u>35.947.289</u>
Aðrar eignir			
Veltiinnlán		178.090.782	258.460.050
		<u>178.090.782</u>	<u>258.460.050</u>
Eignir alls		<u>54.413.020.515</u>	<u>52.548.263.768</u>
Viðskiptaskuldir	18		
Aðrar skuldir		36.979.867	54.505.218
Skuldir alls		<u>36.979.867</u>	<u>54.505.218</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>54.376.040.648</u>	<u>52.493.758.550</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Inngreiðslur			
Iðgjöld		1.571.854.791	1.622.851.810
Fjárfestingartekjur		390.819.645	535.069.924
Afborganir verðbréfa		3.205.481.652	3.089.792.750
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		2.941.893.805	1.852.245.002
Seld verðbréf með föstum tekjum		650.354.771	661.794.531
		<u>8.760.404.664</u>	<u>7.761.754.017</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		(2.377.161.653)	(2.288.489.757)
Fjárfestingargjöld		(39.630.262)	(31.799.674)
Rekstarkostnaður án afskrifta		(51.005.325)	(53.048.761)
		<u>(2.467.797.240)</u>	<u>(2.373.338.192)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu ...		<u>6.292.607.424</u>	<u>5.388.415.825</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		(2.808.001.738)	(1.579.317.193)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		(3.564.974.954)	(4.118.499.332)
		<u>(6.372.976.692)</u>	<u>(5.697.816.525)</u>
Hækkun (lækkun) á veltiinnlánum		(80.369.268)	(309.400.700)
Veltiinnlán í ársbyrjun		<u>258.460.050</u>	<u>567.860.750</u>
Veltiinnlán í árslok		<u>178.090.782</u>	<u>258.460.050</u>

Skýringar

I) Starfsemi

1. Almenn

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar þann 2. janúar 1930 og hét þá Eftirlaunasjóður Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998. Sjóðurinn rekur tvær samtryggingadeildir (A og B) (nr. 640).

2. Sjóðnum lokað

Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. janúar 1998 og fellur starfssemi hans nú undir ákvæði 54. gr. laga nr. 129/1997.

3. A deild

Almenn deild. Sjóðfélagar eru allir starfsmenn Reykjavíkurborgar og stofnana hennar, sem unnið hafa hjá þessum aðilum hálf starf eða meira í fulla tólf mánuði og falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Iðgjald er 12%, þ.e. 4% frá sjóðfélaga og 8% frá launagreiðanda. Hafi sjóðfélagi greitt til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldgreiðslur hans niður og launagreiðandi greiðir 12%. Lífeyrir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri hafi sjóðfélagi greitt í a.m.k. 5 réttindaár, örorkulífeyrir, ævilangur makalífeyrir og barnalífeyrir. Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár.

Lífeyrisréttindi eru miðuð við laun sem fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast (eftirmannsregla), en breytast eftir það með meðalvísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem Hagstofa Íslands reiknar út.

4. B deild

Ofangreind ákvæði gilda ekki um réttindi sjóðfélaga sem ekki ná fimm ára starfstíma. Um réttindi þeirra gilda ákvæði samkvæmt grundvallarreglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða frá árinu 1997 og eru réttindi þeirra sjóðfélaga varðveitt í B-deild sjóðsins. Fyrir hvert ár sem greitt er til sjóðsins ávinnst ellilífeyrisréttur sem er 1,4% af þeim launum sem greitt er af og eru þau réttindi verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs. Ellilífeyrisaldur er 67 ára og makalífeyrisréttur ekki ævilangur.

5. Ábyrgð borgarsjóðs

Borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, en auk iðgjaldgreiðslna skulu borgarsjóður og viðkomandi stofnanir endurgreiða tiltekið hlutfall af útgjöldum til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið er ákveðið af borgarstjórn að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðsstjórnar. Endurgreiðsluhlutfall var 67% árið 2010 og er það óbreytt frá árinu 2009. Í ársbyrjun 2011 var hlutfallið hækkað í 69%.

6. Daglegur rekstur

Frá 1. júní 1999 hefur Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga haft umsjón með og annast daglegan rekstur sjóðsins.

II) Reikningsskilaaðferðir

7. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjárráðgjafaráttar nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

8. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skýringar

9. Iðgjöld

Iðgjöld í sameign eru færð til tekna þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur.

10. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum samanstanda af fengnum arði og breytingu á markaðsverði hlutabréfa, þ.m.t. vegna breytingu á gengi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur samanstanda af vaxtatekjum og verðbótum af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bankainnistæðum og ógreiddum iðgjöldum. Einnig af gengismun erlendra skuldabréfa og breytingu á markaðsverði hlutdeildarskírteina.

11. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins.

12. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og tengdum afleiðusamningum. Skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð eru færð til eignar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok.

13. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum samanstanda af skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum eða tiltekni vaxtvíðmiðun. Verðbréfin eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Í árslok er metin þörf á niðurfærslu og ef hún er talin nauðsynleg þá er bókfært verð fært niður í áætlað markaðsverð.

14. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

15. Skiptasamningar

Í árslok samanstanda skiptasamningar af samningum sem gerðir voru við hina föllnu íslensku banka. Samningarnir eru fallnir á gjalddaga, en óvíst er hvenær þeir verða gerðir upp og hver sú fjárhæð verður. Ástæðan er ágreiningur við bankana um við hvaða gengi íslensku krónunnar skuli miða. Landsamtök lífeyrissjóða eiga fyrir hönd lífeyrissjóða í viðræðum við bankana um hvernig ljúka eigi þessum samningum, en það hefur lítið þökast í þeim viðræðum á þessu ári.

Í ársreikningi þessum eru skiptasamningar við hina föllnu banka metnir á gengisvísitölunni 175, sem er óbreytt frá fyrra ári. Til frádráttar eru færð skuldabréf útgefin af viðkomandi bönkum, enda hefur sjóðurinn óskað skuldajöfnunar.

16. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
		2010	2009	31.12.2010	31.12.2009
Evra.....	EUR	161,89	172,67	153,80	179,88
Bandaríkjadollar.....	USD	122,04	123,59	115,05	124,90
Sænsk króna.....	SEK	16,96	16,30	17,16	17,52

Skýringar

17. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

18. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

III) Sundurliðanir

19. Iðgjöld launagreiðenda

Iðgjöld launagreiðenda greinast þannig:

	2010	2009
Lögbundin iðgjöld launagreiðenda.....	244.781.694	255.816.072

20. Sérstök aukaframlög

Sérstök aukaframlög greinast þannig:

	2010	2009
Viðbótarhlutdeild í lífeyrisgreiðslum.....	1.135.717.784	1.082.902.742
Viðbótarhlutdeild í lífeyrisgreiðslum / samtímagreiðslur.....	109.966.046	154.559.256
Framlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði.....	21.041.459	0
	<u>1.266.725.289</u>	<u>1.237.461.998</u>

21. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2010	2009
Ellilífeyrir.....	1.741.450.472	1.665.993.093
Makalífeyrir.....	456.497.595	464.930.928
Örorkulífeyrir.....	176.364.869	154.613.209
Barnalífeyrir.....	2.784.917	2.792.511
	<u>2.377.097.853</u>	<u>2.288.329.741</u>

22. Tekjur (gjöld) af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:

	Innlend	Erlend	Samtals 2010	Samtals 2009
Af hlutabréfum.....	<u>(86.225.699)</u>	<u>(2.292.225)</u>	<u>(88.517.924)</u>	<u>(3.136.279)</u>

Skýringar

23. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	Innlend	Erlend	Samtals 2010	Samtals 2009
Af verðbréfum með breytilegar tekjur.....	243.590.907	(8.709.009)	234.881.898	52.329.195
Af verðbréfum með fastar tekjur.....	2.971.901.838	0	2.971.901.838	6.293.695.324
Af veðlánnum.....	76.801.715	0	76.801.715	165.030.043
Af bankainnistæðum.....	12.464.868	0	12.464.868	32.310.244
Af kröfum.....	3.293.528	0	3.293.528	1.941.887
	<u>3.308.052.856</u>	<u>(8.709.009)</u>	<u>3.299.343.847</u>	<u>6.545.306.693</u>

24. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Innlend	Erlend	Samtals 2010	Samtals 2009
Skuldabréfasjóðir.....	1.032.205.866	0	1.032.205.866	1.504.889.243
Peningamarkaðssjóðir.....	6.104.819	0	6.104.819	0
Hlutabréf 1).....	261.801.213	0	261.801.213	6.512.846
Hlutabréfasjóðir.....	181.020.290	6.515.979	187.536.269	137.895.137
Hlutabréfatengd skuldabréf.....	3.354.000	0	3.354.000	14.662.488
Vogunarsjóðir.....	19.440.155	0	19.440.155	27.324.248
Skiptasamningar.....	0	(66.412.033)	(66.412.033)	(66.412.033)
	<u>1.503.926.343</u>	<u>(59.896.054)</u>	<u>1.444.030.289</u>	<u>1.624.871.929</u>

1) Eignarhlutdeild í einstökum hlutafélögum er undir 2% og bókfært verð undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

25. Skiptasamningar

Eins og fram kemur í skýringu nr. 15 er bókfærð staða skiptasamninga óbreytt frá ársbyrjun.

Það sem einkum getur haft áhrif á mat á virði samninganna er við hvaða gengi íslensku krónunnar skuli miða, hvort heimilt verði að skuldajafna með skuldabréfum útgefnum af hinum föllnu bönkum og hvort reiknaðir eru vextir frá gjalddaga. Í mati sjóðsins er miðað við gengisvísitöluna 175, gert ráð fyrir að heimilt verði að skuldajafna og ekki reiknaðir vextir.

Bókfært verð skiptasamninga og undirliggjandi eign (skuld) þeirra greinist þannig:

	Undirliggjandi		Samtals 31.12.2010	Samtals 31.12.2009
	Eign	Skuld		
Skiptasamningar.....	109.022.496	(175.434.529)	(66.412.033)	(66.412.033)
Krafa um skuldajöfnun.....			66.412.033	66.412.033
Nettó bókfærð staða skiptasamninga.....			<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar

26. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig (allt innlend):

	2010	2009
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	42.970.390.338	41.292.621.147
Skuldabréf sveitarfélaga.....	1.505.877.811	1.044.358.191
Skuldabréf lánastofnana.....	154.744.908	275.876.553
Skuldabréf fyrirtækja.....	6.869.563.420	6.748.473.966
	<u>51.500.576.477</u>	<u>49.361.329.857</u>
Áætlað markaðsverð.....	<u>53.636.322.433</u>	<u>49.653.592.166</u>

27. Niðurfærsla verðbréfa

Í ljósi efnahagsástands á Íslandi og víða erlendis er veruleg óvissa um verðmat tiltekinna fjárfestinga sjóðsins. Á það einkum við um verðmat verðbréfa með föstum tekjum og veðlán. Verðbréfin eru metin á kaupverði að viðbættum áföllnum vöxtum, en síðan færð niður sérstakri niðurfærslu þannig að bókfært verð í árslok endurspeglar það sem stjórnendur sjóðsins telja að viðkomandi skuldari geti greitt. Bókfært verð er því að verulegu leiti háð mati stjórnenda á því hvað skuldari getur greitt og þeim tryggingum sem að baki liggja.

Jafnframt kann sjóðurinn í fyllingu tímans að leysa til sín þær tryggingar sem að baki eru. Það fer síðan eftir markaðsaðstæðum á hverjum tíma hversu lengi sjóðurinn er að selja þær eignir.

Bókfært verð hefur því verið fært niður varúðarniðurfærslu sem byggir á mati stjórnenda sjóðsins á því hvað viðkomandi skuldari getur greitt og verðmæti þeirra trygginga sem að baki liggja. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

	2010	2009
Staða í ársbyrjun.....	672.948.820	751.800.634
Skuldabréf færð í kröfusjóð.....	0	(659.883.116)
Gjaldfært á árinu.....	479.803.557	581.031.302
Tapað á árinu.....	(205.399.420)	0
Staða í árslok.....	<u>947.352.957</u>	<u>672.948.820</u>

Niðurfærsla í árslok greinist þannig:

	31.12.2010	31.12.2009
Skuldabréf lánastofnana.....	748.817.012	587.154.303
Skuldabréf fyrirtækja.....	185.119.945	69.192.218
Hlutabréfatengd skuldabréf.....	13.416.000	16.602.299
	<u>947.352.957</u>	<u>672.948.820</u>

Aðrar eignir í ársreikningi þessum hafa ekki verið færðar niður varúðarniðurfærslu

Skýringar

28. Veðlán

Veðlán greinast þannig (allt innlend):

	2010	2009
Veðlán til sjóðfélaga.....	969.105.790	1.033.417.262
Veðlán til annarra.....	238.067.707	234.237.381
	<u>1.207.173.497</u>	<u>1.267.654.643</u>

29. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum, án áhrifa gjaldmiðlasamninga:

	Mynt	31.12.2010	31.12.2009
Íslenskar krónur.....	ISK	54.043.634.689	52.247.203.693
Danskar krónur.....	DKK	101.629.595	0
Sænskar krónur.....	SEK	6.515.979	6.652.736
		<u>54.151.780.263</u>	<u>52.253.856.429</u>

30. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda.

31. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun til stjórnar greinast þannig:

	2010	2009
Alfreð Þór Þorsteinsson	482.096	695.640
Benedikt Geirsson	197.488	347.820
Björk Vilhelmsdóttir	561.904	347.820
Garðar Hilmarsson	379.696	347.820
Jón Fjölur Thoroddsen	182.208	0
Júlíur Vífill Ingvarsson	182.208	0
Sjöfn Ingólfssdóttir	379.696	347.820
	<u>2.365.296</u>	<u>2.086.920</u>

Framkvæmdastjóri er ekki á launaskrá, en sjóðurinn greiðir hlutdeild í rekstrarkostnaði Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og er sá kostnaður færður undir skrifstofu- og stjórnunarkostnað.

Laun til endurskoðunarnefndar greinast þannig:

	2010	2009
Alfreð Þór Þorsteinsson	200.000	0
Birgir Björn Sigurbjörnsson	360.000	0
Björk Vilhelmsdóttir	40.000	0
Sjöfn Ingólfssdóttir	240.000	0
	<u>840.000</u>	<u>0</u>

Skýringar

32. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

	2010	2009
Endurskoðun ársreiknings	2.244.240	1.894.158
Innri endurskoðun	1.097.490	823.613
	<u>3.341.730</u>	<u>2.717.771</u>

IV) Tryggingafræðileg athugun

33. Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok greinist þannig (í milljónum króna):

<i>A - deild:</i>	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2010	Samtals 31.12.2009
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	51.400	0	51.400	49.603
Endurmat verðbréfa.....	2.266	0	2.266	2.518
Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar....	(903)	0	(903)	(751)
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	3.079	3.079	3.366
Eignir alls	<u>52.762</u>	<u>3.079</u>	<u>55.841</u>	<u>54.736</u>
Ellilífeyrir.....	48.000	6.309	54.309	53.905
Örorkulífeyrir.....	1.620	217	1.837	1.885
Makalífeyrir.....	12.226	1.246	13.472	13.672
Barnalífeyrir.....	18	18	36	41
Rekstrarkostnaður.....	1.005	176	1.181	1.275
Skuldbindingar alls	<u>62.870</u>	<u>7.965</u>	<u>70.835</u>	<u>70.778</u>
Eignir umfram skuldbindingar.....	<u>(10.108)</u>	<u>(4.886)</u>	<u>(14.994)</u>	<u>(16.042)</u>
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	<u>(16,1%)</u>	<u>(61,3%)</u>	<u>(21,2%)</u>	<u>(22,7%)</u>
<i>B - deild:</i>	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2008	Samtals 31.12.2007
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	2.976	0	2.976	2.584
Endurmat verðbréfa.....	131	0	131	114
Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar....	(52)	0	(52)	(19)
Eignir alls	<u>3.055</u>	<u>0</u>	<u>3.055</u>	<u>2.679</u>
Ellilífeyrir.....	2.515	0	2.515	2.169
Örorkulífeyrir.....	393	0	393	375
Makalífeyrir.....	98	0	98	91
Rekstrarkostnaður.....	49	0	49	45
Skuldbindingar alls	<u>3.055</u>	<u>0</u>	<u>3.055</u>	<u>2.679</u>
Eignir umfram skuldbindingar.....	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	<u>0,0%</u>	<u>0,0%</u>	<u>0,0%</u>	<u>0,0%</u>

Kennitölur

	2010	2009	2008	2007	2006
Ávöxtun					
Nafnávöxtun	5,1%	12,5%	19,0%	14,9%	11,0%
Hrein raunávöxtun	2,4%	3,6%	2,3%	8,5%	3,8%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	4,1%	4,3%	4,2%	5,8%	4,8%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð	1,1%	1,7%	2,4%	6,2%	21,4%
Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð	1,6%	1,5%	0,8%	0,3%	0,5%
Verðbréf með föstum tekjum, skráð	32,4%	27,2%	22,3%	17,0%	58,0%
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð	62,7%	67,2%	71,5%	73,8%	7,6%
Veðlán	2,2%	2,4%	3,0%	2,7%	12,5%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum					
Eignir í íslenskum krónum	99,8%	100,0%	99,6%	98,3%	96,3%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	0,0%	0,0%	0,4%	1,7%	3,7%
	<u>99,8%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
Fjöldi					
Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra)	792	845	919	1.090	1.212
Fjöldi lífeyrisþega (meðatal)	2.719	2.613	2.553	2.508	2.454
Hlutfallsleg skipting lífeyris					
Ellilífeyrir	73,3%	72,8%	72,1%	70,7%	69,2%
Makalífeyrir	19,2%	20,3%	21,4%	22,6%	24,1%
Örorkulífeyrir	7,4%	6,8%	6,4%	6,6%	6,5%
Barnalífeyrir	0,1%	0,1%	0,1%	20,0%	0,2%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>119,9%</u>	<u>100,0%</u>
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	(20,3%)	(22,7%)	(28,2%)	(29,9%)	(72,7%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	(15,3%)	(17,3%)	(22,8%)	(23,9%)	(73,9%)
Rekstur					
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,4%
Lífeyrisbyrði (lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum)	146,8%	142,6%	139,5%	7,6%	80,2%